



Lyfjabrunnur - ísetning

Lyfjabrunnur (Port-A-Cath) er lítið málmhylki sem komið er fyrir undir húð ofarlega á brjóstvegg. Við hylkið er tengdur grannur leggur sem þræddur er inn í bláæð í brjóstholi. Á hylkinu er himna úr plastefni sem hægt er að stinga í gegnum.

Í lyfjabrunninn er hægt að gefa lyf, vökva, næringu og blóðhluta. Einnig má nota hann til að taka blóðsýni þegar ekki er unnt að taka blóð með hefðbundinni aðferð.



Undirbúningur fyrir aðgerð

Símaviðtal vegna deyfingar

Svæfingahjúkrunarfræðingur hringir í sjúkling nokkrum dögum fyrir aðgerð til að fara yfir heilsufar með tilliti til deyfingar og veita tækifæri til spurninga. Ef eitthvað er óljóst eða nánari rannsóknar þörf, er boðað í innskriftarviðtal á spítalanum fyrir aðgerðina. Gott er að hafa lyfjalista tiltækan, því í símtalinu eru veittar upplýsingar um hvaða lyf má taka fyrir aðgerðina og hver ekki.

Í símaviðtalinu verður spurt um:

- Fyrri reynslu af deyfingum og svæfingum
- Ofnæmi eða óþol fyrir lyfjum
- Hæð og þyngd
- Áfengisneyslu og reykingar
- Gervitennur og tannbrýr
- Heilsufar og sjúkdóma
- Lyfjanotkun, þar á meðal notkun náttúruylfja og fæðubótarefna

Kvöldið fyrir aðgerð

Fasta

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við deyfingu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og fólki líður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fá sér aukabita eða drykk áður en lagst er til svefns kvöldið fyrir aðgerð.
- Ekki má borða mat síðustu 6 klst. fyrir komu á spítalann.
- Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til 2 klst. eru í komu á spítalann. Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te.
- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.
- Ekki má nota tóbak síðustu 2 klst. fyrir aðgerð.

Fylgd heim

Gera þarf ráð fyrir að fá fylgd heim, því ekki má aka bíl fyrr en daginn eftir deyfingu. Eins þarf að hafa einhvern hjá sér fyrstu nóttina eftir aðgerð til öryggis. Hægt er að óska eftir dvöl á sjúkrahótelu ef þörf er á.

Aðgerðardagur

Sturta

Nauðsynlegt er að fara í sturtu áður en komið er á spítalann. Klæðast þarf hreinum fötum eftir sturtuna og ekki má nota svitalyktareyði, krem, andlitsfarða, ilmefni, naglalakk eða skartgrip.

Mæting er á dagdeild 13D á 3. hæð Landspítala við Hringbraut, á umsömdum tíma að morgni aðgerðardags. Hafa þarf með öll lyf sem tekin eru daglega. Ekki má taka inn eigin lyf án samráðs við lækni eða hjúkrunarfræðing.

Mikilvægt er að láta vita um ofnæmi fyrir lyfjum, röntgenskuggaefni eða öðru. Fyrir aðgerð þarf að vera búinn að undirrita samþykki fyrir aðgerð. Óvæntar aðstæður geta valdið því að aðgerðartími breytist. Til að tryggja öryggi er endurtekið spurt um mikilvæg atriði svo sem nafn, kennitölu, ofnæmi, föstu og tegund aðgerðar. Aðgerðin er gerð í staðdeyfingu og tekur um 30 mínútur.

Eftir aðgerð

Eftir aðgerð fer sjúklingur aftur á dagdeild. Stundum er tekin röntgenmynd til að staðfesta legu lyfjabrunnsins. Verkjalyf eru gefin eftir þörfum og boðið er upp á léttu máltíð fyrir heimferð.

Útskrift er áætluð 2–3 klukkustundum eftir aðgerð.

Fyrir útskrift þarf að vera búið að fá:

- Útskriftarfræðsla
- Lyfseðil fyrir verkjalyfjum ef þörf er á

Útskriftarfræðsla

Verkir

Búast má við eymslum og bólgu á skurðsvæðinu í um viku eftir aðgerð. Flestir þurfa á verkjalyfjum að halda meðan bólgan hjaðnar. Taka má verkjalyf eftir þörfum samkvæmt leiðbeiningum á fylgiseðli lyfs.

Skurðsár

Skurðsár er saumað með saumi sem eyðist af sjálfu sér. Óhætt er að fara í sturtu tveimur sólarhringum eftir aðgerð. Ekki má fara í baðkar eða sund fyrstu tvær vikurnar eftir aðgerð vegna hættu á sýkingu.

Hreyfing

Engar takmarkanir eru á hreyfingu eftir aðgerð.

Eftirlit með lyfjabrunni

Lyfjabrunnur er fjarlægður þegar meðferð er lokið eða hans ekki lengur þörf. Ef lyfjabrunnur er ekki í reglulegri notkun þarf hjúkrunarfræðingur að skola í lyfjabrunninn á 6-8 vikna fresti svo hann stíflist ekki.

Kostnaður

Greidda þarf fyrir aðgerð á dagdeild. Verð er samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

Hafa þarf samband ef eftirfarandi hættumerki koma fram fyrstu tvær vikurnar eftir ísetningu:

- Hiti er hærra en $38,5^{\circ}\text{C}$ og kuldahrollur
- Andþyngsli og brjóstverkur
- Bólga er á hálsi eða kringum skurðsár og handlegg, þeim megin sem lyfjabrunnur er
- Blæðing er frá skurðsári

Í neyðartilfellum er leitað á bráðamóttöku

Símanúmer

- | | |
|--|----------|
| Dagdeild blóð- og krabbameinslækninga 11B | 543 6130 |
| Dagdeild skurðlækninga 13D | 543 7480 |
| Skiptiborð Landspítala er opið allan sólarhringinn | 543 1000 |

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja ef spurningar vakna.